Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara

Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur
þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavik - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

SUÐURNESJABLAÐIÐ

- 21. NÓVEMBER 2019 -

10. tölublað 3. árgangur

Pólsk menningarhátíð á Nesvöllum

Mikill fjöldi fólks mætti á Nesvelli á dögunum á pólska menningarhátíð. Sjá bls 09

Virkjum samtakamáttinn bls 04

Kjarabætur í Vogum bls 08

Skjóta fyrst bls 12

Járnabakkar
Járnabindingavörur

Erum með á lager
allar helstu gerðir af járnabökkum

- Bindivír 1 mm U hankir og rúllur 1.4 mm
- Fjarlægðarstjörnur og steinar 20-50 mm
- Plastlistar á undirslegnar plötur, einnig harðir
- U listar á ull eða plasteinangrun
- Járnstólalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
- Mótarör og kónar 10–50 mm
- Öryggishlífar á kambstál, listar og sveppir

Vír og lykkjur ehf
www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is
772-3200/692-8027

STARTARAR OG ALTERNATORAR
fyrir allar gerðir bíla, báta og vinnuvéla
Frí heimsending um allt land
Glerárgata 34b v/ Hvannavelli · 600 Akureyri
Sími: 461 1092 · E-mail: asco@asco.is
ASCO

Löggilding, skoðun og ísetningar á **ökuritum og hraðatakmörkurum**

Mælar á allar gerðir vagna

Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum

Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

Vík verkstæði
Funahöfða 17, 110 Reykjavík

I-Stay rekur áfram tjaldsvæðið í Sandgerði

Undirritaður hefur verið samningur milli Suðurnesjabæjar og I-Stay um að I-Stay haldi áfram rekstri tjaldsvæðisins í Sandgerði. I-Stay hefur undanfarin ár séð um rekstur tjaldsvæðisins og staðið að uppbyggingu svæðisins. Tjaldsvæðið hefur notið mikilla vinsælda, enda er aðstaða þar og þjónusta til fyrirmyndar. Eftir að fyrri samningur um málið rann út, varð að samkomulagi að endurnýja samstarfið og gildir nýr samningur til næstu 10 ára. Jafnframt hefur verið ákveðið að halda áfram uppbyggingu á aðstöðu á tjaldsvæðinu, til að bæta enn frekar þjónustu við ferðafólk.

Suðurnesjabær lýsir ánægju með gott samstarf við I-Stay um rekstur tjaldsvæðisins í Sandgerði undanfarin ár og samninginn þar um, sem var endurnýjaður með undirritun Magnúsar Stefánssonar bæjarstjóra og Jónasar Ingasonar fh I-S

Holtsgata 18, 260 Reykjanesbær

4ra herbergja parhús á tveimur hæðum, miðsvæðis í Njarðvík.
Stutt í skóla, leikskóla og þjónustu.
Stærð 122,8 m²
Verð 39.800.000.-

Júlíus M. Steinþórsson s. 899 0555
Löggiltur fasteignasali

Jóhannes Ellertsson s. 864 9677
Löggiltur fasteignasali

Nánari upplýsingar á skrifstofu s. 420 6070 eða eignasala@eignasala.is

Faxabraut 12, 230 Reykjanesbær

3ja herbergja efri hæð á góðum stað í Keflavík.
Getur verið laus fljótlega.
Stærð 68,1 m²
Verð 22.300.000.-

Júlíus M. Steinþórsson s. 899 0555
Löggiltur fasteignasali

Jóhannes Ellertsson s. 864 9677
Löggiltur fasteignasali

Nánari upplýsingar á skrifstofu s. 420 6070 eða eignasala@eignasala.is

LEIÐARI

Skattar verða að lækka

Starfsfólki ríkis og sveitarfélaga hefur á síðustu árum fjölgað gífurlega mikið.Alls konar nýjar stofnanir verða til,sem þurfa á fjölda starfsfólks að halda. Mörg starfsheiti sem ekki voru til fyrir nokkrum árum eru nú til staðar hjá ríki og sveitarfélögum.Að sjálfsögðu er eðlilegt að ríki og sveitarfélög þurfi að hafa fólk í vinnu. Spurningin er sú hvort að báknið vaxi alltof hratt. Hvort alltaf sé bætt og bætt við án þess að spyrja hvort þetta sé allt nauðsynlegt.

Það virðist oft gleymast að þegar báknið stækkar þarf einhver að borga. Hverjir eru það svo sem greiða kostnaðinn. Það eru jú íbúar og fyrirtæki. Aukning tekna þjóðarbúsins er ekki í samræmi við þá miklu þenslu sem á sér stað hjá opinbera kerfinu.

Til þess að standa undir þessu öllu verður að greiða skatta. Þó nú sé ákveðið að lækka tekjuskatt einstaklinga segir það ekki alla söguna. Auðvitað er gott að tekjuskattur lækki,en það má þá ekki taka það til baka með alls konar hækkunum á þjónustugjöldum.

Í hvert skipti sem við tökum eldsneyti á bílinn rennur rúmlega helmingur af verðinu í ríkissjóð. Í hvert skipti sem við verslum rennur góður hluti af vöruverðinu í ríkissjóð.

Sveitarfélögin hafa flest það markmið að notfæra sér allar álagningar í topp. Nánast öll sveitarfélög eru með útsvarsálagningu í hámarki. Fasteignamat hefur á mörgum stöðum hækkað mjög mikið,langt umfram verðlagsþróun. Framundan er að sveitarfélögin ákvarði álagningarprósentu sína. Það verður fróðlegt að fylgjast með hvaða stefnu þau taka. Verða þau við óskum aðila vinnumarkaðarins að gæta hófs til að stuðla að því að lífskjarasamningarnir standi eða ætla þau að fara með allar álagningar í topp.

Ráðamenn hvort sem það eru alþingismenn eða sveitarstjórnarmenn verða að gæta hófs í skattheimtu. Það er mun heppilegra að fólkið sjálft fái meira í sinn vasa og geti ráðstafað peningunum að eigin vali heldur en stjórnmálamennirnir sjái um það fyrir okkur.

En þetta þýðir auðvitað að stjórnmálamennirnir verða að gæta sín að fjölga ekki sífellt stofnunum og starfsmönnum. Það þarf nefnilega einhver að borga og það eru aðrir en þeir.

Það er hinn almenni borgari og fyrirtæki landsins.

100. fundur Bergs B. Álfþórssonar í bæjarstjórn

Miðvikudaginn 30. október var haldinn 161. fundur bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Voga. Á þeim fundi sat bæjarfulltrúinn og formaður bæjarráðs, Bergur Brynjar Álfþórsson, sinn 100. fund í bæjarstjórn.

Fyrsti fundur í bæjarstjórn Sveitarféalagsins Voga var haldinn þann 12 janúar 2006. Fram til þess tíma var nafn sveitarfélagsins Vatnsleysustrandarhreppur, og æðsta stjórnvaldið var á hendi hreppsnefndar. Bergur var kjörinn varabæjarfulltrúi í bæjarstjórn í sveitarstjórnarkosningunum sem fram fóru í maí 2006. 11. fundur bæjarstjórnar var haldinn þriðjudaginn 5. september 2006. Í fundargerð kemur fram að þá hafi Bergur Álfþórsson setið fundinn, sem varamaður fyrir Birgi Örn Ólafsson og mun þetta hafa verið fyrsti fundur Bergs í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga.

Bergur hefur setið óslitið í bæjarstjórn frá 2006, fyrst sem varabæjarfulltrúi en frá árinu 2010 sem bæjarfulltrúi.

Sveitarfélagið óskar Bergi til hamingju með þennan áfanga og þakkar honum störf hans í þágu sveitarfélagsins. Af þessu tilefni færði sveitarfélagið Bergi bókargjöf og á meðfylgjandi mynd má sjá Ingþór Guðmundsson foresta bæjarstjórnar afhenda Bergi gjöfina.(Heimasíða Voga)

lindex.is
Kjóll
3599,-
LINDEX

Felldu tillögu um lækkun fasteignaskatta

Á Bæjarstjórnarfundi Reykjanesbæjar tók Ríkharður Ibsen, Sjálfstæðisflokki til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu:

Liður 6 í fundargerð bæjarráðs frá 31. október 2019:

„Sjálfstæðisflokkurinn l eggur til að tekjur frá fasteignagjöldum verði lækkaðar um 100 milljónir, úr 1800 milljónum í 1700 milljónir, í tillögu um fjárhagsramma skatttekna í drögum að fjárhagsáætlun fyrir 2020.

Reykjanesbær hefur um árabil verið með hæstu fasteignaskattana á landinu og hér er aðeins um að ræða lækkun sem nemur 0,7% af heildartekjum. Fjöldi bæjarbúa hefur kvartað undan auknum skattbyrðum í kjölfar hækkunar fasteignamats síðustu árin. Fasteignaskattur er ekkert annað en eignaskattur sem er ekki aðeins tekjuauki fyrir sveitarfélög heldur íþyngjandi kostnaðarauki fyrir almenning og fyrirtæki og kemur niður á samkeppnishæfni sveitarfélagsins.“

Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Baldur Þ. Guðmundsson og Ríkharður Ibsen.

Til máls tóku Jóhann Friðrik Friðriksson, Friðjón Einarsson, Baldur Þ. Guðmundsson, Guðbrandur Einarsson, Ríkharður Ibsen og Kjartan Már Kjartansson.

Forseti bar tillögu Sjálfstæðisflokks undir atkvæði og var hún felld með 6 atkvæðum Samfylkingar, Framsóknarflokks og Beinnar leiðar

gegn 3 atkvæðum Sjálfstæðisflokks. Fulltrúar Frjáls afls og Miðflokks sátu hjá.

Ljúka þarf tvöföldun Reykjanesbrautar

Á lyktun um samgöngumál lögð fram á 43. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn í Reykjanesbæ. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 13.-14. september 2019 leggur áherslu á að ráðist verði í nauðsynlegar samgönguframkvæmdir á Suðurnesjum. Öll sveitarfélögin á Suðurnesjum er sammála um að leggja áherslu á eftirfarandi verkefni:

- Ljúka þarf tvöföldun Reykjanesbrautar og huga að öryggi vegtenginga að nærliggjandi bæjarfélögum.
- Nauðsynlegt er að ráðast í löngu tímabærar viðhaldsframkvæmdir á þjóðvegunum að Suðurnesjabæ auk þess sem breikka þarf veginn á milli bæjarkjarnanna.
- Sveitarfélögin, Vegagerðin og Isavia vinni saman að því að auka möguleika fólks til að ferðast fótgangandi og á hjólum á Suðurnesjum með uppbyggingu stígakerfis bæði á milli byggðakjarna og að Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
- Tryggja þarf að stuðningur ríkisins til uppbyggingar hafna sé í samræmi við samþykkt Svæðisskipulags Suðurnesja þannig að hægt sé að halda áfram uppbyggingu stórskipahafnar í Helguvík og tryggja stöðu Grindavíkurhafnar og Sandgerðishafnar sem fiskihafna.
- Auka þarf framlög til vetrarþjónustu á þjóðvegum á Suðurnesjum þannig að hún sé í samræmi við verklagsreglur Vegagerðarinnar um aukna umferð.
- Fundurinn leggur áherslu á að stjórnvöld tryggi áframhaldandi uppbyggingu Keflavíkurflugvallar og gæti þess að fjármögnun rekstrar og uppbyggingu annarra flugvalla sé ekki tekin úr tekjugrunni Keflavíkurflugvallar.
- Fundurinn fordæmir að ekki sé haft samráð við sveitarfélögin á Suðurnesjum um framtíðar áform flugsamgangna á SV-horninu. Það er mikilvægt að samfélagslegir hagsmunir séu skoðaðir og metnir frá öllum hliðum áður en ákvörðun um framtíðar miðju innanlandsflugs er ákveðin.

Ríkisvaldið tryggi aukningu á fjárframlögum

Á lyktun um fjárframlög til ríkisstofnana svæðisins lögð fram á 43. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn í Reykjanesbæ. Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 13.-14. september 2019 leggur áherslu á að ríkisvaldið tryggi aukningu á fjárframlögum til ríkisstofnana á Suðurnesjum í takt við mannfjöldaaukningu sem og samsetningu íbúa á svæðinu. Fundurinn vill þakka góð viðbrögð ríkisvaldsins við ákalli sveitarstjórnarfólks á Suðurnesjum vegna falls Wow-air. Mikilvægt er að tryggja aukna fjármuni á svæðið þar sem gera má ráð fyrir því að atvinnuleysi muni aukast á næstu mánuðum. Á síðustu árum hefur orðið gríðarleg fólksfjölgun á Suðurnesjum sem skýrist að miklu leyti af verulega auknum umsvifum á Keflavíkurflugvelli. Þannig voru íbúar Suðurnesja 22.026 árið 2015 en í janúar 2019 voru þeir 27.113. Hlutfallslega er fjölgun íbúa langmest á Suðurnesjum.

Fólksfjölgun langt umfram meðaltalsfjölgun

Íbúum landsins á árunum 2000 til 2018 fjölgaði um 19% eða um 53.480 manns. Meginhluti þessarar aukningar er á höfðaborgarsvæðinu og Suðurnesjum eða 64%. Ef skoðuð eru árin 2015-2019 fjölgaði íbúum á Suðurnesjum um 23,1%. Fulltrúar sveitarstjórna á Suðurnesjum hafa lýst yfir áhyggjum vegna þessa þar sem fólksfjölgun á svæðinu hefur verið langt umfram meðaltalsfjölgun á landinu öllu en aukning fjárframlaga ríkisins til stofnana og verkefna á svæðinu hefur á engan hátt fylgt þeirri þróun. Í áætlanagerð ríkisins virðist ekki vera tekið nægjanlegt tillit til þess ef óvenju mikil fólksfjölgun verður á einstökum svæðum. Af þeim sökum er lagt til að m.a. verði skoðuð sérstaklega fjárframlög ríkisins til opinberra stofnana og annarra mikilvægra verkefna á svæðinu til þess að íbúar búi við sömu þjónustu og íbúar annarra svæða landsins. Má t.d. geta þess að fjáraukning til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja var 1% á ári með 0,5% hagræðingarkröfu á meðan íbúum svæðisins fjölgaði um 15%. Fundurinn skorar á ríkisvaldið að tryggja að fjárframlög til ríkisstofnanna t.d. Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Lögreglunnar á Suðurnesjum fylgi þróun mannfjölda á svæðinu.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL *um jólin*

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

LUR.IS

Dönsk gæði

Lama®

Danskt handverk síðan 1939

Öll sæti og bak stillanlegt

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Brunstad hvíldarstóll

Öll sæti stillanleg

ISABELLA hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

Stillanleg rúm

Svefnsófar í miklu úrvali.

Margar stærðir

SITTING VISION hvíldarstólar

Öll sæti stillanleg

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

Stillanlegur höfuðpúði

GRACE hægindastóll

GENIUS LOCI tungusófi

JACOB stóll frá Calia Italia

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR

VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK

Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD

Gróður fyrir fólk fær styrk

Minnisblað frá verkefnisstjóra á skipulags- og umhverfissviði var tekið fyrir hjá bæjarráði Suðurnesja bæjar.Erindið frá Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs Ósk um framlag frá Suðurnesjabæ vegna nemendaverkefnis um uppgræðslu lands. Samþykkt að veita styrk til verkefnisins að fjárhæð kr. 400.000.

Vígsla þjónustumiðstöðvar í Vogum

Ný þjónustumiðstöð Sveitarfélagsins Voga verður vígð sunnudaginn 1. desember næstkomandi. Af því tilefni býður sveitarfélagið gestum að skoða miðstöðina milli kl. 14 og 16. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Þjónustumiðstöðin mun hýsa starfsemi þjónustudeildar bæjarins, þar verður einnig til húsa slökkvibíll frá Brunavörnum Suðurnesja og við hlið hússins verður þvottaplan sem tekið verður í notkun sama dag ef veður leyfir.

Garðskagi vinsæll

Það er mikill straumur af fólki sem kemur allan ársins hring og heimsækir Garðskaga.





MARGT & MIKIÐ

HOLTASMÁRA 1 • MARGTOGMIKID.IS

SPILUM SAMAN
OG NJÓTUM SAMVERUNNAR

PANIC TOWER
2-8 ▪ ±20 ▪ 6+
kr. **4.790**

ÍSLENSKAR LEIKREGLUR FYLGJA

FJÖRUGT SPIL FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

Markmið spilsins er einfalt! Dragðu spil og leggðu kubb á leikborðið.

Býrð þú yfir nægum stöðugleika til að færa kubba á milli stæða án þess að turninn hrynji?

Getur þú lagt kubb ofan á annan kubb með næmnina að vopni?

Passaðu þig að fella ekki kubba því þá færðu refsispjald.

PANTAÐU Á margtogmikid.is OG FÁÐU SENT

OPIÐ ALLA DAGA

VIRKA DAGA 11-18

HELGAR 11-17

Ari Trausti Guðmundsson þingmaður VG
Suðurnesjablaðið bað þingmenn að svara eftirfarandi spurningum. Hér koma svör Ara Trausta Guðmundssonar.

Líklega fyrsta þriggja flokka stjórn sem situr út kjörtímabilið

Hvaða mál telur þú að helst verði til umræðu á Alþingi í vetur?
Samgöngumál, aðgerðaráætlun sveitarfélaga, þar með talin frekari sameining þeirra, meðhöndlun úrgangs og málefni fráveitna, málefni þjóðgarða og friðaðra svæða, heilbrigðismálin áfram, enda stæsta málasvið samfélagsins, og svo málasviðið sem fléttast inn í mörg önnur: Loftslagsmálin.

Er líklegt að auknar fjárveitingar fáist til stofnana á Suðurnesjum?
Eflaust brýnustu viðbætur en mig grunar að verulegar úrbætur fáist fyrst eftir að starfshópur sveitarfélaga á Suðunesjum og fimm ráðuneyta hefur skilað endanlegum niðurstöðum og þær fá meðferð þingsins.

Hvaða mál ætlar þú helst að leggja áherslu á í vetur?
Það markast af mínum nefndarsetum: Umhverfis- og samgöngumál (þar á ég frumvarp um nýja leið til að auka kolefnisjöfnun), sveitarstjórnarmál, málefni norðurslóða, utanríkismál (m.a. þróunarsamvinna og öryggismál) og fjölmargt sem tengja má Þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Hvernig líst þér á stöðu þíns flokks samkvæmt nýjustu skoðunakönnunum?
Skoðanakannanir eru margar en ágiskað meðaltal VG í fylgistölum vegna þingkosninga er í bærlegu lagi. Staða VG í ríkisstjórn, sem nær verulegum árangri í uppbyggingu innviða, ríkisfjármálum og jafnréttis- og umhverfismálum, er góð. Líklega verður hún fyrsta þriggja flokka stjórn sem situr út sitt kjörtímbil.

Valgerður Guðmundsdóttir fékk Súluna menningarverðlaun Reykjanesbæjar

Afhending Súlunnar, menningarverðlauna Reykjanesbæjar fyrir árið 2019 fór fram við hátíðlega athöfn í Duus Safnahúsum í gærkvöldi. Að þessu sinni hlaut verðlaunin Valgerður Guðmundsdóttir fyrrum menningarfulltrúi Reykjanesbæjar fyrir framlag sitt til eflingar og uppbyggingar menningarlífs í bænum. Valgerður starfaði sem menningarfulltrúi frá 2000 en lét af störfum nýverið. Hún var fyrsti og eini menningarfulltrúi Reykjanesbæjar, enn sem komið er. Við verðlaununum tók sonur Valgerðar, Ingvar Hjálmarsson, þar sem Súluhafinn var vant við látinn. Hann bar þakklætiskveðjur frá móður sinni. Mynd af Ingvari með verðlaunagrip og skjöld er í viðhengi. Ljósmynd: Víkurfréttir.

Verðlaunagripurinn er silfursúla eftir listakonuna Elísabet Ásberg. Verðlaunin eru veitt þeim sem stutt hafa vel við menningarlíf sveitarfélagsins og var þetta í tuttugasta og þriðja sinn sem Súlan var afhent.

Bæjarstjóri Reykjanesbæjar, Kjartan Már Kjartansson afhenti verðlaunin og þakkaði Valgerði hennar kraftmiklu og óeigingjörnu störf í þágu bæjarfélagsins sem hefðu átt stóran þátt í því að festa Reykjanesbæ í sessi, ekki aðeins sem vöggu popptónlistar sem hann hefur lengstum verið þekktur fyrir, heldur einnig sem menningarbæ meðal annars með stofnun Listasafns, uppbyggingu Duushúsanna, Hljómahallar og bæjar- og menningarhátíðinni Ljósanótt sem Valgerður hefur stýrt styrkri hendi. Hann sagði bæjarstjórn og menningarráð vilja þakka henni fyrir áralanga vinnu og uppbyggingu menningarlífs bæjarins með því að veita henni Súluna, menningarverðlaun Reykjanesbæjar fyrir árið 2019.

Árið 2000 auglýsti Reykjanesbær nýja stöðu í bæjarfélaginu; menningarfulltrúa Reykjanesbæjar. Valgerður var ráðin og tók á næstu árum þátt í miklu uppbyggingarstarfi innan menningargeirans. Bókasafn og Byggðasafn höfðu verið rekin í bænum í fjölda ára en nú bættist við formlegt Listasafn ásamt því að menningarhús bæjarins spruttu upp eitt af öðru: Víkingaheimar, Hljómahöll og Duus Safnahús. Bæði var um að ræða nýbyggingar eins og Víkingaheima, endurgerð gamalla húsa eins og Duus Safnahús og svo blanda af hvoru tveggja eins og Hljómahöllin. Fyrsta formlega menningarstefnan var unnin og þjónustusamningar gerðir við menningarhópana í bænum sem eitt árið voru rúmlega tuttugu talsins.

Við sama tækifæri var styrktar- og stuðningsaðilum Ljósanætur, menningar- og fjölskylduhátíðar Reykjanesbæjar, sem nú var haldin í tuttugasta sinn, þakkaður stuðningurinn. Fram kom í máli Kjartans Más að nýleg rannsókn um Ljósanótt sýndi að hátíðin væri afar jákvætt afl í „lífi“ Reykjanesbæjar, hún skapi samkennd meðal íbúa auk þess sem þeir telji hana mjög jákvæða fyrir ímynd bæjarins. Um leið sagði hann ljóst að ekki væri hægt að halda hátíðina í þessari glæsilegu mynd án framlags ýmissa hópa og félagasamtaka og fjárhagslegs stuðnings fjölmargra fyrirtækja. Saman gerði þetta það að verkum að Ljósanótt væri í hópi helstu menningarhátíða landsins. Helstu styrktaraðilar Ljósanætur í ár, bæði fjárhagslegir og þeir sem studdu við hátíðina með öðru móti, voru 80 talsins og þeir stærstu voru Isavia, Landsbankinn, Lagardére, Securitas, Nettó og Skólamatur og voru þeim öllum færðar bestu þakkir.

Þrjár nýjar sýningar voru opnaðar í Duus safnahúsum í gær. Ágústmyndir Septembermanna, myndir úr safni Braga Guðlaugssonar, sýning Elvu Hreiðarsdóttur, FÖR, sýningin PERSÓNULEGAR SÖGUR, ljósmyndir og vídeóverk unnin af listakonunni Venu Naskrecka og Adam Calicki í tilefni pólskrar menningarhátíðar í Reykjanesbæ og skemmtileg verk eftir Jönu Birtu Björnsdóttur sem ætlað er að vekja athygli á fjölbreytileikanum í mannlegu samfélagi með því að sýna notkun hjálpartækja í jákvæðu samhengi. Sýningarnar eru opnar til 12. janúar 2020.

Kjarabætur og lækkun skatta í Vogum

Bæjarráð Voga bókaði á fundi sínum.“Gjaldskrárbreytingar verða að mestu í samræmi við verðlagsbreytingar . Í anda lífskjarasamninga er lögð áhersla á kjarabætur til tekjulágra og lækkun skatta, leikskólagjöld lækkuð og þjónustugjöld eldri borgara taka ekki verðlagshækkunum.

Sveitarfélagið Vogar stuðlar að bættri lýðheilsu og í samræmi við markmið um heilsueflandi samfélag mun verða frítt í sund fyrir íbúa sveitarfélagsins.

Gert er ráð fyrir að rekstrarafgangur verði um 20 milljónir og að veltufé frá rekstri verði um 93 milljónir sem verði nýtt til helminga til framkvæmda og til styrkingar eiginfjár sveitarfélagsins#.

Ný sóknaráætlun fyrir Suðurnes

Samningur um nýja Sóknaráætlun fyrir Suðurnes var undirritaður í Ráðherrabústaðnum í dag. Markmið samningsins er að efla byggðaþróun og auka samráð milli ráðuneyta á sviði byggðamála, innan hvers landshluta og milli stjórnsýslustiga, jafnframt að færa til sveitarstjórna aukna ábyrgð á sviði byggða-og samfélagsþróunar. Einar Jón Pálsson formaður stjórnar SSS undirritaði samninginn fyrir hönd Suðurnes.

Samkvæmt samningnum fær svæðið 84.207.273 árið 2020 auk 9.000.000 kr mótframlags frá sveitarfélögum á Suðurnesjum

Meðfylgjandi myndir tók Berglind Kristinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum. Að hennar sögn er nú unnið að því að klára yfirferð áætlunarinnar. Hún fer síðan í samraðsgatt þar sem íbúar Suðurnesja geta lesið hana yfir og sent inn umsögn.

Mynd efst: f.v. Einar Jón Pálsson formaður stjórnar SSS, Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Lilja Dögg Alfreðsdóttir menna- og menningarmálaráðherra og Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri SSS(Heimasíða Grindavíkur)

Sálfræðingur og talmeinafræðingur

Á 33. fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar var minnisblað frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs, um þróun og skipulag fræðsludeildar, lagt fyrir. Bæjarráð samþykkti að veita heimild til að undirbúa ráðningu sálfræðings og talmeinafræðings. Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt samhljóða í bæjarstjórn.

MIKILL FJÖLDI FÓLKS MÆTTI Á PÓLSKA MENNINGARHÁTÍÐ

Reykjanesbær hélt í annað sinn pólska menningarhátíð í samstarfi við hóp íbúa af pólskum uppruna. Hátíðin var haldin á Nesvöllum laugardaginn 9. nóvember

Áhersla ársins eru persónulegar sögur íbúa Reykjanesbæjar af pólskum uppruna og verður sett upp listsýning tengt áherslunni. Pólskur „street food" markaður verður á hátíðarsvæðinu, tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Reykjanesbæjar og pólski þjóðadansinn POLONEZ verður stiginn. Fluttar verða hátíðarræður og ýmis afþreying verður á boðstólnum. Hátíðinni var svo lokað með rokkuðu ívafi af hljómsveitinni DEMO.

Fullt var út úr dyrum á Nesvöllum. Þetta var glæsileg menningarhátíð.

Virkjum samtakamáttinn til að bjarga Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

Sagan sýnir að þegar að við Suðurnesjamenn höfum staðið saman þá höfum við náð fram mörgum góðum málum til eflingar samfélags okkar sem aukið hefur atvinnu, þjónustu við sjúka og menntun unga fólksins.

Menntun í heimabyggð var efld með stofnun Fjölbrautarskóla Suðurnesja árið 1974. Sveitarfélögin stóðu að framtakinu í samstarfi við ríkið.

Af mikilli framsýni var virkjað í Svartsengi og Hitaveitu Suðurnesja var komið á með forystu og frumkvæði okkar Suðurnesjamanna í samvinnu við ríkið. Bylting varð þegar að heitu vatn var komið inn á öll heimili frá virkjun okkar í Svartsengi.

Þessi framfaramál náðust fram með samvinnu og samstöðu sveitarstjórna á Reykjaneskaganum.

Hafin var bygging Sjúkrahúss Keflavíkurlæknishéraðs að frumkvæði sveitarfélaga á Suðurnesjum á árinu 1954 og heilsugæslu komið á fót árið 1974 til bráðabirgða í leiguhúsnæði.

Árið 1973 var gerð áætlun um uppbyggingu heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum í samræmi við lög um umdæmissjúkrahús utan Reykjavíkur og Akureyrar. Yfirlæknir sjúkrahúsins Kristján Sigurðsson, Sigurður S. Magnússon prófessor í kvensjúkdómum, fæðingarlæknir, starfsmenn sjúkrahússins og stjórn sjúkrahúsins fylgdu málinu eftir en stjórnin var skipuð fulltrúm þáverandi sveitarfélaga á Suðurnesjum; Voga, Grindavík, Hafna, Njarðvík, Keflavík, Garði og Sandgerði.

Áætlunin gekk eftir. Árið 1981 var lokið við fæðingardeild í B-álmu sjúkrahússins sem jók öryggi barna og verðandi mæðra. Næst var Heilsugæslustöð, C-álma, byggð við sjúkrahúsið árið 1984.

Móttaka lækna var skipulögð í Vogum, Garði, Sandgerði og Reykjanesbæ. Heilsugæslustöð var byggð í Grindavík.

Lokið var að fullu við byggingu D-álmu sjúkrahússins árið 2004. Gert var ráð fyrir sjúkradeild (skurðstofu) á þriðju hæð og 30 rúma legudeild á annarri hæð en stoðdeildum á fyrstu hæð.

Svona eflum við HSS

Þegar þetta er skrifað á haustdögum 2019 vantar mikið á að HSS þjóni tilgangi sínum eins og áætlað var og lög gerðu ráð fyrir.

Er nú svo komið að það verður að endurreisa sjúkradeild (skurðdeild) HSS en nú eru sjúklingar fluttir til Reykjavíkur til aðgerða sem áður var hægt að sinna á sjúkrahúsinu í Reykjanesbæ. Þá verður að fjölga hjúkrunarfræðingum og sérfræðilæknum við sjúkrahúsið.

Stefna verður að því að nýta betur fæðingardeild HSS en miklar breytingar hafa orðið á rekstri hennar. Fæðingum hefur fækkað frá því sem áður var en þær voru rúmlega 200 árlega fyrir 2004 en eru nú á seinni árum um 100 á hverju ári. Til þess að skapa fæðandi konum og börnum aukið öryggi verður fæðingalæknir, svæfingalæknir og skurðlæknir að starfa við sjúkrahúsið.

Nauðsynlegt er að bæta bráða- og slysamóttöku við sjúkrahúsið og styrkja sérstaklega vegna mikillar fjölgunar íbúa á Suðurnesjum og aukinnar umferðar á Keflavíkurflugvelli.

Fjölga verður læknum og ráða heimilislækna á heilsugæslustöðina og fjölga hjúkrunarfræðingum. Bæta verður viðveru lækna og móttöku þeirra á sjúklingum að deginum til.

Auka verður þjónustuna frá því sem nú er við íbúa í Suðurnesbæ og Vogum með viðverðu heimilislækna og hjúkrunarfræðinga í heimabyggð. Íbúum fjölgar mikið á Suðurnesjum og því eðlilegt að auka þjónustuna enda var í upphafi gert ráð fyrir að þjónusta heilsugæslu væri skipulögð víðar en í Reykjanesbæ.

Heimamenn þurfa beinan aðgang að HSS

Nýframlögð fjárlög fyrir árið 2020 gera ekki ráð fyrir auknu fjármagni til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, nema síður séð. Enn eitt árið jafnast fjárframlög ríkisins til heilbrigðismála á Suðurnesjum ekki á við framlög ríkisins til annarra heilbrigðisumdæma. Enn og aftur erum við sniðgengin hér á Suðurnesjum. Enn er vitlaust gefið.

Nú þurfum við Suðurnesjamenn að spyrja okkur hvort við ætlum að sætta okkur við að stjórnvöld leggi niður heilbrigðisþjónustuna á Suðurnesjum eins og hún var skipulögð í samræmi við lög og byggð upp af elju okkar og samtakamætti.

Er ekki komið að því að sveitarfélögin, kjörnir fulltrúar okkar í heimabyggð sem vita hvar skóinn kreppir og hvar þarf helst að bregðast við, fái aftur beinan aðgang að málefnum sjúkrahúsins okkar?

Sagan sýnir að með framsýni og samtakamætti hefur okkur Suðurnesjamönnum tekist að skapa okkur umhverfi sem gerði líf okkar betra.

Virkjum þann samtakamátt til þess að bjarga Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Eyjólfur Eysteinsson, formaður Öldungaráðs Suðurnesja.



Það er alltaf rétti tíminn að eignast vandaðan heitan pott á hagstæðu verði.

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Í YFIR 30 ÁR

NormX hitaveitupottar

Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

Við seljum lok á alla okkar potta.

NORMX

Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

2019 ÁRGERÐIN AF TONGLI VINSÆLU RAFMAGNSHJÓLUNUM ER KOMIN.
HAFIÐ SAMBAND Í SÍMA 415 1690 EÐA SKOÐIÐ ÚRVALIÐ Á WWW.EHJOL.IS.

VERIÐ VELKOMIN Í SÝNINGARSAL OKKAR AÐ AUSTURMÖRK 4 Í HVERAGERÐI.

T408-3
1000W 60V
með hljómflutningstækjum.
370.000 kr.

T408
1000W 60V
með hljómflutningstækjum.
350.000 kr.

T418-S
1000W 60V
.
með hljómflutningstækjum.
440.000 kr.

ehjól ı Austurmörk 4 ı 810 Hveragerði ı sími:415 1690 ı ehjol@ehjol.is ı www.ehjol.is

FRÉTTATILKYNNING FRÁ BÓKAFORLAGINU VERÖLD

Skáldverk Veraldar
Á undanförnum vikum hafa komið út hjá Veröld sex skáldverk sem sum hver eru strax farin að raða sér efst á metsölulistum.

Þögn
Yrsa Sigurðardóttir
Á köldum degi hverfur úr barnavagni í Reykjavík lítil stúlka fædd af íslenskri staðgöngumóður. Ellefu árum síðar deyr telpa úr mislingum og faðirinn vill leita hefnda. Og kona finnst látin í yfirgefinni bifreið. Lögreglumaðurinn Huldar og Freyja sálfræðingur takast hér á við afar snúið mál.

Hvítidauði
Ragnar Jónasson
Árið 1983 deyja tveir starfsmenn á berklahæli skammt frá Akureyri með undarlegum hætti. Afbrotafræðingur vinnur að lokaritgerð um þetta mál árið 2012 og kemur þá ýmislegt óvænt í ljós. Samhliða rannsókninni þarf hann að takast á við erfiðleika í einkalífi sínu sem þola illa dagsins ljós.

Stelpur sem ljúga
Eva Björg Ægisdóttir
Einstæð móðir hverfur af heimili sínu. Þegar illa farið lík finnst í Grábrókarhrauni standa lögreglukonan Elma og samstarfsmenn hennar frammi fyrir flókinni morðgátu. Fimmtán árum fyrr liggur nýbökuð móðir á fæðingardeild og hefur óbeit á barninu sem liggur við hlið hennar.

Innflytjandinn
Ólafur Jóhann Ólafsson
Innflytjandi finnst látinn á köldum febrúardegi. Um sömu helgi hverfur ung íslensk stúlka. Kona sem búið hefur erlendis um árabil kemur til Íslands en hún hefur þýtt Kóraninn á íslensku og leitar lögreglan ráða hjá henni. Sjálf á hún undir högg að sækja erlendis.

Hugvillingur
Úlfar Þormóðsson
Rithöfundur verður fyrir því að einkennileg skilaboð birtast á tölvuskjánum hans og farsíminn fer að haga sér undarlega. Höfundur skilaboðanna býr yfir upplýsingum um myrkraverk sem verið er að fremja innan stjórnkerfisins. Bók sem er í senn lýsing á veröld sem var og manngerðum ógnum í nútímanum.

Tími til að tengja
Bjarni Hafþór Helgason
Ef litlu jól er réttnefni, hversu lítil eru þau þá í raun og veru? Hvernig sigrar maður nágranna í jólaskreytingum? Hefur Andrés ekkert annað fram að færa en að vera utan gátta?
Þessum knýjandi spurningum og mörgum fleiri er svarað í þessu bráðfyndna smásagnasafni.

Grunnmæling á aðstæðum

Lýðheilsuráð Reykjanesbæjar fundaði 13.nóvember s.l. „Guðrún Magnúsdóttir lýðheilsufræðingur segir frá umsókn í lýðheilsusjóð sem sótt var um 4. nóvember sl. Sótt var um styrk til að gera rannsókn sem miðar að því að gera grunnlínumælingu á aðstæðum Suðurnesja á þeim vaxtartímamótum sem svæðið stendur frammi fyrir. Það verði gert með því að kalla fram viðhorf íbúa til samfélagsins, upplýsingar um líðan þeirra og félagslega þátttöku með áherslu á niðurstöðum úr Lýðheilsuvísum undanfarin ár.

Rannsóknin verður samstarfsverkefni Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja ef nægilegir styrkir fást fyrir verkefninu.

HEILSULEIKSKÓLINN SKÓARÁS FÉKK VERÐLAUN

Heilsuleikskólinn Skógarás á Ásbrú fékk nýverið verðlaun fyrir besta eTwinning verkefni síðasta skólaárs. Það er Rannsóknarmiðstöð Íslands, Rannís, sem hefur umsjón með styrkveitingum til eTwinning verkefna og veitti starfsfólki leikskólans verðlaunin.

Verkefnið „The Little Ecologist" er hluti af Erasmus+ verkefni Skógaráss sem ber heitið „Eco Tweet". Um er að ræða umhverfisverndarverkefni þar sem nemendur skólans læra um leiðir til þess að gæta að umhverfinu og taka ákvarðanir þar af lútandi. Í verkefninu læra börnin meðal annars um vistfræði, verndun dýra, gróðursetningu, tré, kryddplöntur, vatn og endurvinnslu, svo eitthvað sé nefnt.

Mynd 1: Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs Reykjanesbæjar og Ingibjörg Bryndís Hilmarsdóttir leikskólafulltrúi Reykjanesbæjar færðu skólanum bókagjafir í tilefni viðurkenningarinnar. F.v. Helgi, Katrín Lilja Hraunfjörð aðstoðarleikskólastjóri, Ingibjörg Bryndís, Ingibjörg Lilja Kristjánsdóttir aðstoðarleikskólakennari og Þóra Sigrún Hjaltadóttir skólastjóri.

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

JEPPADEKK.IS

Vönduð amerísk jeppadekk sem henta frábærlega fyrir íslenskar aðstæður. Stærðir 29”-44”.

Dick CEPEK TIRES & WHEELS

nokian HAKKAPELIITTA 44

44” radíal. Hannað í samstarfi Arctic Trucks og Nokian.

nokian TYRES

35” radíal. Frábært neglt vetrardekk!

AT315

38” radíaldekk sem hefur margsannað sig á hálendi Íslands.

AT405

kr. 39.900,-

kr. 39.900,-

FELGUR
Gott úrval
Margar stærðir

kr. 49.900,-

kr. 49.900,-

kr. 49.900,-

DEKKJAÞJÓNUSTA
TÍMAPANTANIR
Í SÍMA 540 4900

Arctic Trucks Ísland ehf.
Kletthálsi 3
110 Reykjavík

Sími 540 4900
Netfang info@arctictrucks.is
Vefur www.arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS
EXPLORE WITHOUT LIMITS

Við eigum vogina fyrir þig!
Allar vogir fyrir iðnaðinn.

VOGIR.IS

vogir@vogir.is - 433-2202

Ljósin á jólatrénu í Vogum tendruð

Fyrsta sunnudag í aðventu, þann 1. desember næstkomandi, verða ljósin á jólatrénu okkar í Vogum tendruð og verður það gert kl. 17.00 í Aragerði. Séra Bolli Pétur mun fara með stutta hugvekju, kirkjukórinn syngja og samningar hafa náðst við fulltrúa jólasveinanna að senda okkur einhverja slíka svona fyrirfram. Allir velkomnir.

ELKO MEÐ HAGKVÆMASTA TILBOÐIÐ Í AÐSTÖÐU TIL REKSTURS RAFTÆKJAVERSLANA Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Elko átti hagkvæmasta tilboðið í útboði á aðstöðu undir rekstur tveggja raftækjaverslana í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Útboðið hófst í júní síðastliðnum. Reksturinn var boðinn út þar sem fyrri samningur við Elko er að renna út.

Óskað var eftir reynslumiklum aðila sem hefði yfir að ráða úrvali vörumerkja. Gerð var sú krafa að viðkomandi hefði rekið að lágmarki tvær raftækjaverslanir samhliða síðastliðin þrjú ár og hefði yfir að ráða úrvali vörumerkja og vöruframboði sem samanstæði að minnsta kosti af farsímum, spjaldtölvum, snjallúrum, myndavélum, heyrnartólum, litlum hátölurum og heimilistækjum.

Við mat á tilboðum var m.a. horft til vöruúrvals, verðstefnu, þjónustu, mannauðsmála, hönnunar og upplifunar í verslun auk fjárhagslegra þátta. 7 aðilar sóttu útboðsgögn eftir að opnað var fyrir aðgang að þeim 18. júní síðastliðinn. Tvö fyrirtæki sendu gögn til þátttöku, báðir uppfylltu hæfiskröfur og var þeim boðið til viðræðna. Í valferlinu var notast við viðræður og í kjölfar þeirra skiluðu þátttakendur inn lokatilboðum. Valnefnd mat tilboðin til stiga en hún var skipuð tveimur fulltrúum frá Isavia og tveimur óháðum ráðgjöfum frá Deloitte og Capacent.

Gerður verður þriggja ára samningur við Elko um aðstöðu til reksturs tveggja raftækjaverslana í norðurbyggingu flugstöðvarinnar, önnur er ætluð farþegum á leið úr landi en hin er ætluð komufarþegum. Áætlað upphaf samningstíma er í janúar 2020.

Isavia vill þakka þeim fyrirtækjum sem tóku þátt í útboðinu fyrir sýndan áhuga

Engar vísbendingar um misnotkun á endurgreiðslukerfi kvikmynda

Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra kvikmynda-framleiðenda (SÍK) fagna niðurstöðum nýútkominnar skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurgreiðslukerfi kvikmynda. Öll verkefnin sem Ríkisendurskoðun rannsakaði voru unnin lögum samkvæmt og ekki fundust neinar vísbendingar um misnotkun á endurgreiðslukerfi kvikmynda samkvæmt rannsóknarniðurstöðum stofnunarinnar. Skýrslan tekur því af allan vafa um hvort misnotkun á endurgreiðslukerfi kvikmynda hafi viðgengist.

SÍK gerir engar athugasemdir við þær tillögur Ríkisendurskoðunar að skilyrða þurfi endurgreiðslur við rétt skattskil og að samstarf við embætti ríkisskattstjóra verði eflt. Lög nr. 43/1999 vísa skýrt til þess að allur kostnaður sem fellur til og heimilt er að draga frá tekjum af atvinnurekstri fari eftir ákvæðum laga um tekjuskatt. Hefur framkvæmdin því nú þegar verið lögum samkvæmt og framleiðslufyrirtæki fylgt þeim til hlýtar líkt og staðfest er í skýrslunni.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er jafnframt fjallað um mikilvægi endurgreiðslukerfisins fyrir samkeppnishæfni Íslands. Fram kemur að árið 2016 hafi löggjafinn talið ástæðu til þess að hækka hlutfall endurgreiðslu til kvikmyndaframleiðslu. Ástæðurnar voru meðal annars þær að gæta þyrfti að samkeppnishæfni Íslands þegar kæmi að því að laða að erlend verkefni á sviði framleiðslu kvikmynda og sjónvarpsefnis.

Mikilvægt er að hafa í huga að kvikmyndaframleiðendur búa við ófyrirsjáanleg starfsskilyrði sem helgast meðal annars af eftirtöldum þáttum: Erfiðum starfsskilyrðum, smæð markaðarins, takmörkuðu fjármagni til greinarinnar, gengisþróun og almennum verðhækkunum á þjónustu innanlands. Endurgreiðslukerfi til kvikmyndaframleiðslu sem byggir á lögum nr. 43/1999 hefur þróast með tilstilli framkvæmdar laganna síðastliðin 10 ár í samræmi við vilja löggjafans til þess að auka samkeppnishæfni landsins. Rétt er að minna á að hér er ekki um styrki að ræða, í eiginlegum skilningi þess orðs, heldur endurgreiðslu á hluta af þeim kostnaði sem þegar hefur fallið til vegna framleiðslu kvikmyndaverka. Þegar að endurgreiðslu kemur hefur þegar verið greitt inn í ríkissjóð umtalsvert meira en endurgreiðslan nemur, eins og ótal skýrslur hafa sýnt fram á. Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar hafa þannig eingöngu jákvæð áhrif á greiðslujöfnuð ríkissjóðs og eru án áhættu fyrir ríkissjóð því skila þarf endurskoðuðum fullnaðaruppgjörum áður en til endurgreiðslu kemur. Slíkt kerfi er einfalt og gegnsætt og hefur þessi framkvæmd verið talin einn helsti styrkur þessa kerfis af erlendum aðilum sem hafa framleitt kvikmyndir á Íslandi.

FRÉTTATILKYNNING

et VERSLUN
Mikið úrval af kösturum og aukaljósum
fyrir allar gerðir bíla
Pollux9
LEDSON

Öflugar viftur
Iðnaðarviftur fyrir íslenskar aðstæður
Loftviftur - Þakviftur - Reykviftur - ATEX viftur og bara venjulegar viftur
SALDA
Þú færð viftuna hjá okkur:
viftur.is
-andaðu léttar
ishúsið
S:566 6000 • ishusid@ishusid.is • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

10. tölublað 3. árgangur

SUÐURNESJABLAÐIÐ

Dreift í **10.000** eintökum ókeypis í allar íbúðir á Reykjanesi

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun

Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Báknið burt meiningarlaust.

Árum áður notuðu ungir Sjálfstæðismenn mikið slagorðið Báknið burt. Ungum Sjálfstæðismönnum blöskraði á sínum tíma hvernig hið opinbera óx stöðugt,alls konar nefndir,ráð og stjórnir ásamt sívaxandi fjölgun opinberra starfsmanna.

Ef horft er til baka var staðan þá algjör lúxus miðað við ástandið núna. Það er sama hvaða stjórnmálaflokkur hefur setið í ríkisstjórn eða sveitarstjórn alltaf vex og þenst báknið út. Það er nóg að fletta blöðunum,sífellt er hið opinbera að auglýsa ný störf laus til umsóknar. Starfsheitin er orðin mörg og flókin,þannig að við í eldri kantinum könnumst alls ekki við starfsheitin og þaðan af síður vitum við hvað fólkið gerir sem ber flottu starfsheitin.

Til þess að standa undir öllu bákninu og sífellt fleiri starfsmönnum þarf ríkið og sveitarfélögin að afla sér tekna. Það gerist með hækkun skatta og þjónustugjalda. Sveitarfélögin reyna að finna upp nýja skatta og notfæra sért hækkun á fasteignamati til hins ýtrasta.

Er nauðsynlegt að í Reykjavík séu starfandi 23 borgarfulltrúar á fullum launum og 8 varaborgarfulltrúar til viðbótar á föstum launum. Þar að auki eru svo þúsundir starfsmanna.

Er það nauðsuynlegt í 3500 manna sveitarfélagi eins og í Suðurnesjabæ starfi 25 starfsmenn í ráðhúsum bæjarins.

Populistaflokkurinn Miðflokkurinn hefur nú tekið að sér slagorðið Báknið burt og segir berjast fyrir því. Þetta er merkilegt í ljósi þess að þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson var forsætisráðherra setti hann met í fjölda aðstoðarmanna sinna.Þá var í lagi að þenja báknið út.

Þetta er eins og annað hjá Miðflokknum.Ábyrðalaust tal.